

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

Skýrsla tengiliðar v/gagnagrunns KI til umdæmisstjórnarfundar í Keflavík 17. mars 2012

Hefðbundið fyrsta verkefni starfsársins var að aðstoða umdæmisritara við að koma upplýsingum úr félagatali í "Hvítu bókina". Það gekk ágætlega og öfugt við það sem sagt var við upphaf síðasta starfsárs tel ég nú varla ástæðu til að leggja í vinnu við að gera þetta verkefni sjálfvirkt - þetta verður sennilega handavinna á meðan bókin er á þessu formi.

Í september var líka mikil pressa frá höfuðstöðvunum í Indianapolis á að skila uppfærslu á félagatali. Mér skilst að upphæðir á reikningum vegna erlendu gjaldanna miðast nefnilega við félagafjölda eins og hann er skráður í miðlægum gagnagrunni Kiwanis þann 1. október ár hvert. Þetta er ekki öllum ljóst og hefur valdið misskilningi því raunverulegur félagafjöldi er ekki ljós fyrir en eftir að septemberskýrslur liggja fyrir. Þetta þyrfti að fá á hreint og kynna vel fyrir stjórnnum klúbba. Nokkur tími hefur farið í rannsóknvinnu vegna þess að forsvarsmenn klúbba hafa ekki verið sáttir við upphæð gjalda. Oftast er skýringin rangar eða síðbúnar skráningar.

Nokkrar minniháttar breytingar hafa verið gerðar á viðmóti kerfisins en virkni þess er að mestu óbreytt. Sá hluti kerfisins sem snýr að sendingu gagna til höfuðstöðvanna hefur verið endurbættur og í framhaldi af gagnauppfærslu í haust voru villur í gögnum lagfærðar.

Fyrirverandi tengiliður við gagnagrunn KI lagði til búnað eigin fyrirtækis til að gera okkur kleift að senda tölvupóst á alla félagi í umdæminu sem eru með skráð netföng. Fyrst eftir að undirritaður tók við var sá búnaður nýttur áfram en hans nýtur ekki lengur við. Því var farið í að skoða aðra möguleika og niðurstaðan er sú að nýta þjónustu sem boðið er upp á hjá Smartmedia, þeim sem reka www.kiwanis.is. Netfangalisti verður uppfærður reglulega með upplýsingum úr félagatali en umsjónarmaður Kiwanis vefjarins mun geta sent póst á alla félagi.

Fyrir nokkrum vikum fékkst beinn aðgangur að gagnagrunni sem inniheldur félagatalið í Indianapolis. Þar með er hægt að bera saman gögn jafnóðum og finna skýringar á misræmi. Í framhaldi af því hefur umsjónarmaður tölvumála, Scott Smith, verið í sambandi og m.a. sagt frá því að Hollenska umdæmið og Frakkland/Mónakó ætli að breyta sínu fyrirkomulagi á þann veg að nota kerfi höfuðstöðvanna til að skrá upplýsingar um félagi. Aðalafrit félagatalsins er þá í höfuðstöðvunum en umdæmin geta sótt afrit til eigin nota á auðveldan hátt. Vinna við að reka og viðhalda skráningarkerfi flýst þá til KI.

Þetta stendur okkur líka til boða en hefur ekki verið kynnt umdæmisstjórn fyrir en nú.

Með Kiwaniskveðju,
Konráð Konráðsson
Tengiliður v/gagnagrunns KI